



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN  
ALMANNAVARNADEILD



Embaetti  
landlæknis  
Sóttvarnalæknir



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

# Velferðarþjónusta sveitarfélaga

## Hættustig

**Leiðbeiningar til starfsfólks velferðarþjónustu  
Notendur og starfsfólk eru bólusett.**

**FORÐUMST**  
**HIÍJK LMN OÓPR**

Við tilteknar aðstæður eykst smithætta COVID-19



Léleg loftræsting



Margmenni



Nán samskipti



Áhættan er meiri þar sem þættirnir skarast  
Pössum upp á hvert annað og lágmörkum  
smithættuna með því að forðast lokað  
rými, mannþróng og návigi.

**Hvað getur þú gert?**

Fordastu mannþróng og takmarkaðu veru þina í lokaðum rýmum	Haltu rétri fjarlagð frá öðrum	Ef þú hefur tök á, opnaðu glugga og húðir fyrir betri loftræstingu	þvoðu hendumar og haltu fyrir vitin þegar þú höstar eða hnerrar	Ventu með grímu þar sem við á eða þegar ómóglugt er að halda rétri fjarlagð



## Innhald

Innhald .....	2
1. Ef grunur vaknar um smit.....	3
2. Reglur um sýnatöku og sóttkví fyrir starfsfólk velferðarþjónustu. ....	3
3. Einstaklingar með áhættuþætti fyrir alvarlegri COVID-19 sýkingu .....	4
4. Fjöldaviðmið í hverju rými.....	4
5. Sóttvarnarhópar .....	4
6. Notkun hlífðargríma .....	4
7. Ekki má nýta þjónustu utan heimilis ef viðkomandi:.....	5
8. Gátlistar fyrir hverja starfsemi .....	5
9. Ef eitthvað er óljóst .....	5
10. Frekari upplýsingar .....	5

Stjórnendur í velferðarþjónustu fylgjast með ákvörðun heilbrigðisráðuneytis um sóttvarnaráðstafanir á hverjum tíma sem kynntar eru með auglýsingu heilbrigðisráðuneytis s.s. varðandi hámarksfjölda einstaklinga í sama rými á hverjum tíma, 2 metra nándarmörk og notkun hlífðargríma. **Börn fædd 2015 og síðar eru ekki talin með í hámarksfjölda.**

Stjórnendur í velferðarþjónustu eru beðnir um að upplýsa notendur um stöðu faraldursins og sóttvarnaráðstafanir í starfseminni sem gilda á hverjum tíma, á því formi sem hentar hverjum og einum notanda.

Þessar leiðbeiningar gilda fyrir:

- Vinnu- og virknimiðaða stoðþjónustu fyrir fatlað fólk (verndaða vinnu og hæfingu)
- Skammtímavalar fyrir fötluð börn og ungmenni
- Sambýli og íbúðakjarna fyrir fatlað fólk
- Frístundastarf fatlaðra ungmenna á aldrinum 16-20 ára

Mikilvægt er að huga að góðum sóttvörnum og skipulagi í þjónustunni með það í huga að sem fæstir verði útsettir fyrir smiti og þurfi að fara í sóttkví eða einangrun komi upp smit meðal notenda velferðarþjónustu eða starfsmanna.

**Ef aðstæður breytast þá getur þurft að grípa til meiri sóttvarnaráðstafana og harðari aðgerða til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu smits.**

## **1. Ef grunur vaknar um smit**

- Gott að kynna sér [leiðbeiningar til framlínustarfsmanna](#) þar sem finna má leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við komi upp grunur um smit, hvað felst í grundvallar smitgát og hvernig hreinsa á svæði þar sem veikur hefur dvalið og búnað sem ekki er einnota.
- Ef grunur vaknar um smit á sambýli eða íbúðakjarna þarf að fara eftir [bessum leiðbeiningum](#).
- Ef grunur vaknar um smit hjá starfsmanni í velferðarþjónustu þarf að fylgja [bessum leiðbeiningum](#).
- Starfsmaður sem finnur fyrir flensueinkennum mætir ekki til vinnu og yfirgefur vinnustaðinn strax ef veikindi gera vart við sig á vinnutíma (kvef, hósti, hiti, höfuðverkur, beinverkir, þreyta, kviðverkir, niðurgangur o.fl.).
- [Sérstakar leiðbeiningar](#) eru fyrir fatlað fólk með NPA, aðra notendasamninga og aðstoðarfólk þeirra.

## **2. Reglur um sýnatöku og sóttkví fyrir starfsfólk velferðarþjónustu.**

- a. Starfsfólk sem er fullbólusett eða hefur fengið COVID-19 og fær COVID-19 einkenni:
  - Fer í sýnatöku. Ef sýni er neikvætt mætir hann/hún til vinnu í samráði við yfirmann.
- b. Starfsfólk sem er fullbólusett eða hefur fengið COVID-19 og er útsett fyrir COVID-19 skv. rakningu (nánd við sýktan einstakling):
  - Fer í tvær sýnatökur, með nokkurra daga millibili háð því hvernær útsetning átti sér stað.
- c. Starfsfólk sem er óbólusett og er að koma frá útlöndum:
  - Sömu reglur og fyrir almenning, hefðbundin sóttkví eða stytt, þ.e. sýnataka á landamærum og sóttkví í 5-7 daga og önnur sýnataka í kjölfarið. Ef niðurstaðan úr seinni sýnatöku er neikvæð má viðkomandi hefja störf.
- d. Jafnframt er mælst til þess að starfsfólk fari í sýnatöku:
  - Þegar fullbólusett starfsfólk kemur frá útlöndum (til viðbótar við neikvætt PCR- eða antigen próf sem tekið var fyrir brottför erlendis frá).
  - Eftir þátt töku í fjölsóttum viðburðum á Íslandi.
  - Sýnatöku er hægt að fá gerða á landamærum í Keflavík eða panta á heilusvera.is (með rafrænum skilríkum) og fá gerða eins fljótt og auðið er eftir komuna til landsins á Suðurlandsbraut 34 í Reykjavík eða hjá heilsugæslustöðvum utan höfuðborgarsvæðisins.

### 3. Einstaklingar með áhættuþætti fyrir alvarlegri COVID-19 sýkingu

Fyrir einstaklinga með áhættuþætti fyrir alvarlegri COVID-19 sýkingu gilda [sérstakar leiðbeiningar sem finna má hér](#).

Mikilvægt er að meta með heimilislækni eða sérfræðilækni hvort áhættuþættir fyrir alvarlegri sýkingu eru til staðar.

### 4. Fjöldaviðmið í hverju rými

Taka skal mið af þeim hámarksfjölda í hverju rými sem gildandi auglýsing heilbrigðisráðuneytis kveður á um. Það getur þurft að hafa enn færri en viðmið kveða á um þegar tekið er mið af stærð og aðstæðum á hverjum stað og fjölda einstaklinga í þjónustunni með áhættuþætti fyrir alvarlegri sýkingu af völdum COVID-19.

Hægt er að fá skoðun heilbrigðiseftirlits viðkomandi svæðis til þess að leggja mat á mögulegan fjölda út frá stærð rýmis og aðstæðum með tilliti til sóttvarna.

### 5. Sóttvarnarhópar

Þegar bólusetningu notenda þjónustu og starfsmanna er lokið, er ekki talin ástæða til að viðhalda sóttvarnarrýmum. Þó er mikilvægt að hægt sé að skipta upp í sóttvarnarrými með skjótum hætti ef þær aðstæður koma upp í samfélagini sem kalla á slíkt.

#### Smitgát

Ávallt skal gætt að almennum grundvallarreglum varðandi handþvott og sóttvarnir í allri velferðarþjónustu. Í faraldri þarf að sótthreinsa vel á milli hópa og helstu snertifleti á degi hverjum og oftar ef þörf krefur. Meta þarf undirliggjandi áhættuþætti hjá þeim sem njóta þjónustunnar og meta með einstaklingsmiðum hætti hvernig hægt er að veita þjónustuna og takmarka um leið líkur á smiti, [sjá leiðbeiningar fyrir áhættuhópa](#).

Þar sem hádegisverður er í boði er hægt að bjóða upp á hádegisverð, enda sé gætt að nándarmörkum við skipulag borðhalðs, eða skv. gildandi auglýsingu heilbrigðisráðuneytis.

Mikilvægt er að leggja áherslu á:

- Handþvott með sápu og vatni.
- Aðgangur að sótthreinsandi vökva fyrir hendur sé hafður eins víða og talin er þörf á.
- Hreinsa/sótthreinsa alla snertifleti eins oft og unnt er.
- Prífa áhöld sem margir nota milli hópa sem og í lok dags.
- Ef starfsfólk notar vinnubíla er bent á leiðbeiningar fyrir atvinnubílstjóra, sjá [hér](#).

### 6. Notkun hlífðargríma

Það er ábyrgð forstöðumanna og stjórnenda að upplýsa starfsfólk, leiðbeina og kenna notkun hlífðargríma sem og fara yfir þær leiðbeiningar sem til eru varðandi notkun hlífðarbúnaðar.

Ef ekki er hægt að viðhalda nálægðarmörk sem eru í gildi skal nota grímu. Í starfsemi velferðarþjónustu skal notast við grímu þegar unnið er í nálægð við íbúa eða þjónustubega.

Starfsfólk sem starfar í nánu samneyti við aðra einstaklinga skal nota grímur s.s. í umönnunarstörfum á velferðarsviði. Á þetta bæði við um starfsfólk sem hafa verið bólusett og starfsfólk sem ekki er bólusett.

Mikilvægt er að sinna vönduðum handþvotti og þrifum og sótthreinsun snertiflata um leið og slakað er á grímuskyldu. Gæta skal ítrrustu varúðar og ef minnsti grunur vaknar um smit hjá notenda velferðarþjónustu, gesti eða starfsfólki skulu grímur umsvifalaust settar upp.

Leiðbeiningar um notkun hlífðargríma eru að finna [hér](#) og [hér](#) má sjá leiðbeiningamynband um notkun hlífðargríma.

## 7. Ekki má nýta þjónustu utan heimilis ef viðkomandi:

- Er í sóttkví.
- Er í einangrun (einnig meðan beðið er niðurstöðu sýnatöku).
- Hefur verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.
- Er með einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverki, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).

## 8. Gátlistar fyrir hverja starfsemi

Það getur þurft að gera gátlista fyrir hverja starfsemi og jafnvel fyrir einstaka rými. Hér eru leiðbeinandi punktar við gerð gátlista.

- Hámarksfjöldi í rými.
- Upplýsingaskilti almannavarna um eigin smitvarnir skal vera aðgengilegt.
- Handþvottaaðstaða og/eða handspritt skal vera aðgengilegt.
- Svæði þrifið samkvæmt hefðundnum verklagsreglum.
- Skilgreindir snertifletir þrifnir og sótthreinsaðir með sápilegi/sótthreinsandi efni eins oft og þurfa þykir. Dæmi: Hurðarhúnar, handrið, handföng, kranar, skápahöldur, bekkir, borð.
- Skipting svæðis.
- Inn- og útgangar.
- Salerni sem ætluð eru hverju svæði.
- Annað sem skiptir máli.

## 9. Ef eitthvað er óljóst

Hægt er að hafa samband við Maríu Kristjánsdóttur ([maria@samband.is](mailto:maria@samband.is)) félagsþjónustufulltrúa hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með frekari leiðbeiningar eftir þörfum.

## 10. Frekari upplýsingar

- [www.covid.is](http://www.covid.is)
- [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)
- [www.samband.is](http://www.samband.is)
- [www.ahs.is](http://www.ahs.is)



covid.is

## Samfélagssáttmáli

- í okkar höndum

Tryggjum góðan árangur áfram og gerum samfélagssáttmála.  
Sáttmála sem gildir í vor og sumar og við munum öll virða.

- **Pvoum okkur um hendur**
- **Sprittum hendur**
- **Munum 2 metra fjarlægð**
- **Sótthreinsum sameiginlega snertifleti**
- **Verndum viðkvæma hópa**
- **Hringjum í heilsugæsluna ef við fáum einkenni**
- **Tökum áfram sýni**
- **Virðum sóttkví**
- **Virðum einangrun**
- **Veitum áfram góða þjónustu**
- **Miðlum traustum upplýsingum**
- **Verum skilningsrík, tillitssöm, kurteis og styðjum hvert annað**

Við erum öll almannavarnir - og verðum það áfram



Embætti  
**landlæknis**  
Directorate of Health